

# Matslýsing vatnaáætlunar 2022-2027



## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Viðfangsefni og áherslur vatnaáætlunar 2022-2027 .....	4
2.1	Uppbygging vatnaáætlunar.....	4
2.2	Ráð og nefndir undir stjórn vatnamála .....	5
2.3	Stefnumið vatnaáætlunar .....	6
3	Umhverfismat .....	8
3.1	Tengsl vatnaáætlunar við aðrar áætlanir.....	8
3.2	Umhverfisviðmið.....	10
3.3	Umhverfisþættir, umhverfisvísar og gögn .....	11
3.4	Valkostir og mat á vægi.....	11
3.5	Matsferlið og verklag .....	13
4	Samráðsferli og tímaáætlun.....	13

# 1 Inngangur

Unnið er að gerð fyrstu vatnaáætlunar auk aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar fyrir Ísland. Er það gert á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, reglugerðar nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, strandsjó, árósavatn, auk jökla).

Í samræmi við 19. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skal gera umhverfismat fyrir áætlunina í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Í umhverfismati áætlana felst að meta skuli áhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið og nýta þær niðurstöður til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Vatnaráð hefur yfirumsjón með gerð tillögu að vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun og þegar vatnaáætlun í heild sinni liggur fyrir gerir vatnaráð tillögu til umhverfis- og auðlindaráðherra um endanlega staðfestingu hennar. Umhverfisstofnun annast stjórnarsýslu á sviði vatnsverndar og skal vinna tillögur að gerð fyrrnefndra áætlana að höfðu samráði við sveitarfélög, vatnasvæðanefndir og ráðgjafanefndir. Umhverfisstofnun ber því ábyrgð á gerð umhverfismats fyrir vatnaáætlun Íslands.

Lög um stjórn vatnamála tóku gildi þann 19. apríl 2011 og með þeim var innleidd í íslenskan rétt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB um aðgerðaramma um stefnu í vatnamálum, svokölluð vatnatilskipun. Fyrsta vatnaáætlun Íslands mun taka gildi árið 2022, en þá eru flest lönd Evrópu að samþykka sína þriðju vatnaáætlun.

**Markmið laga um stjórn vatnamála er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.**

Svo hægt sé að ná fram markmiðum laga um stjórn vatnamála þarf að vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun, en þessar áætlanir eru gerðar fyrir landið í heild sinni.


Lög um stjórn vatnamála er rammatilskipun fyrir margar reglugerðir er varða mengun og verndun vatns. Með innleiðingu vatnatilskipunar í íslensk lög er séð til þess að ákveðnum kröfum úr öðrum reglugerðum er varða vatn sé framfylgt. Helstu reglugerðir sem um ræðir eru;

- Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001.
- Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.
- Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999.
- Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.
- Reglugerð um meðhöndlun seyru nr. 799/1999.
- Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018.
- Reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri nr. 804/1999.

## 2 Viðfangsefni og áherslur vatnaáætlunar 2022-2027

### 2.1 Uppbygging vatnaáætlunar

Ísland er eitt vatnaumdæmi eða ein heildar stjórnsýslueining sem síðan er skipt niður í fjögur vatnasvæði (mynd 1). Við þá ákvörðun er tekið mið af bæði jarðfræðilegum og vatnafræðilegum þáttum. Á hverju vatnasvæði starfar ein vatnasvæðanefnd sem m.a. sveitarfélög og heilbrigðisnefndir eiga fulltrúa í.



Mynd 1: Vatnasvæði Íslands, fjögur talsins.

Þar sem Ísland er eitt vatnaumdæmi er gerð ein vatnaáætlun fyrir allt landið. Hver vatnaáætlun hefur gildistíma til sex ára í senn og eru þau tímabil kölluð „vatnahringir“<sup>1</sup>. Áætlunin er svo endurskoðuð á sex ára fresti. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála er sett fram vöktunaráætlun og aðgerðaáætlun með vatnaáætlun, en þeim er ætlað að styðja við framkvæmd laganna. Vöktunaráætlun hefur þann tilgang að samræma vöktun vatns og afla gagna til að meta ástand vatns á landsvísi. Í vöktunaráætlun er jafnframt fylgst með áhrifum þeirra aðgerða sem farið er í til að bæta ástand vatns.

Í vatnaáætlun er m.a. fjallað um þau verkefni sem innleiða þarf til að uppfylla markmið vatnaáætlunar.

Í vatnaáætlun skal m.a. koma fram:

- ✓ almenn lýsing á eiginleikum vatnaumdæmisins
- ✓ flokkun vatnshlota
- ✓ lýsing álags og áhrifa af völdum atvinnurekstrar og annarra umsvifa á vatn
- ✓ skrá yfir vernduð svæði og öll vatnshlot fyrir neysluvatnstöku
- ✓ upplýsingar um vöktun og niðurstöður hennar
- ✓ umhverfismarkmið fyrir gerðir vatnshlota
- ✓ upplýsingar um aðgerðaáætlun
- ✓ upplýsingar um samráð við almenning, atvinnulífs og aðra hagsmunaaðila, þar á meðal félagasamtök á sviði náttúruverndar, umhverfismála og útivistar.

<sup>1</sup> Vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun gilda í sex ár í senn og eru þau tímabil almennt kölluð *vatnahringir*

Í lögum um stjórn vatnamála er unnið með svokölluð *vatnshlot*, en vatnshlot eru afmarkaðar stjórnsýslueiningar sem fá tiltekin raðnúmer innan kerfisins. Yfirborðsvatnshlot eru svo flokkuð í *gerðir*, en gerðirnar eru samsafn svipaðra vatnshlota. Grunnvatn er ekki flokkað í gerðir. Gerðarflokkun yfirborðsvatnshlota er nauðsynleg til að geta skilgreint og metið *vistfræðilegt ástand* þeirra. Samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 535/2011 skal ástand yfirborðsvatnshlota metið út frá fimm flokka kerfi: mjög gott ástand (náttúrulegt), gott ástand, ekki viðunandi ástand, slakt ástand og lélegt ástand.

*Umhverfismarkmiðin* eru þau að öll yfirborðsvatnshlot skulu vera annað hvort í mjög góðu eða góðu ástandi. Jafnframt eiga öll vatnshlot, bæði yfirborðsvatnshlot og grunnvatnshlot að vera í góðu *efnafræðilegu ástandi* og er þar átt við að ýmiskonar mengandi efni eiga að vera undir ákveðnum viðmiðunarmörkum sem sett eru í reglugerðum. Umhverfismarkmið grunnvatnshlota eru að auki þau að vatnshlotin eiga að hafa góða *magnstöðu*, en magnstaða er mælikvarði á það hversu mikil, bein eða óbein, vatnstaka hefur eða getur haft áhrif á grunnvatnshlot.

Hér að ofan hefur eingöngu verið fjallað um þau vatnshlot sem eru í eðli sínu náttúruleg, en samkvæmt lögum um stjórn vatnamála skal skilgreina sérstaklega þau vatnshlot sem hafa orðið fyrir það miklum breytingum af mannavöldum að þau flokkist sem *mikið breytt eða manngerð vatnshlot*.

Í lögnum felst að meta þarf ástand vatnshlota um allt land og fara í aðgerðir þar sem gæði vatnsins eru ekki í samræmi við umhverfismarkmið. Megin markmið vatnaáætlunar er að viðhalda góðu ástandi vatns til framtíðar. Umhverfismat áætlana fyrir vatnaáætlun og aðgerðaáætlun mun því að miklu leyti endurspeglja þá áherslu.

## 2.2 Ráð og nefndir undir stjórn vatnamála

Í lögum um stjórn vatnamála eru settar fram kröfur um virkt samráð milli hinna ýmsu aðila og stjórnvalda. Samráð og samvinna þessi fer fram í nokkrum nefndum og ráðum á vegum stjórnar vatnamála og er gert ráð fyrir stöðugu samráði allt innleiðingartímabilið. Hlutverk og skipan vatnaráðs, vatnasvæðanefnda og ráðgjafanefnda er skýrð í lögnum. Í töflu 2 má sjá nánari lýsingu á hlutverki þeirra og upplýsingar um hverjir sitja í nefndunum má finna á vefsíðu stjórnar vatnamála [www.vatn.is](http://www.vatn.is).

Tafla 1: Starfandi nefndir og ráð undir stjórn vatnamála.

Nefndir og ráð	Hlutverk
<b>Vatnaráð</b>	Megin hlutverk vatnaráðs er að vera ráðherra til ráðgjafar um stjórn vatnamála. Þá skal vatnaráð hafa umsjón með gerð tillögu að vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun, og gera tillögu til ráðherra um staðfestingu þeirra, veita umsögn um reglugerðir sem settar eru á grundvelli laga um stjórn vatnamála, fylgjast með og skilar skýrslu til ráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um hvernig markmið laga um stjórn vatnamála hafa náðst og meta þann kostnað sem af framkvæmd laganna hlýst.
<b>Fjórar vatnasvæðanefndir</b>	Á hverju vatnasvæði starfar ein vatnasvæðisnefnd. Hlutverk þeirra er að samræma vinnu við gerð vatnaáætlunar, aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar og stöðuskýrslu á viðkomandi vatnasvæði. Nefndin skal afla upplýsinga vegna gerðar ofangreindra áætlana og skýrslu fyrir viðkomandi vatnasvæði. Vatnasvæðanefnd skal vera rannsóknastofnun til ráðgjafar vegna verkefna sem þeim eru falin í samningum við Umhverfisstofnun um málefni sem snerta viðkomandi vatnasvæði. Alls eru fjórar vatnasvæðanefndir á landsvísu.  Í nefndunum sitja fulltrúar sveitarfélaga á viðkomandi vatnasvæði, einn fulltrúi frá hverri heilbrigðisnefnd, einn fulltrúi frá náttúruverndarnefnd/umhverfisnefnd, ef slíkar nefndir starfa á svæðinu, og einn fulltrúi frá Umhverfisstofnun sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Í vatnasvæðisnefndum eru einnig fulltrúar frá ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila og frá ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila. Í hverri nefnd sitja allt að 16 manns.

<b>Ráðgjafanefndir</b>	<p>Tvær ráðgjafanefndir starfa í tengslum við stjórn vatnamála, annars vegar ráðgjafanefnd fagstofnana og eftirlitsaðila og hins vega ráðgjafanefnd hagsmunaaðila.</p> <p>Helsta hlutverk ráðgjafanefnda að vera Umhverfisstofnun og vatnaráði til ráðgjafar um atriði samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.</p> <p>Í ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila skulu m.a. eiga sæti fulltrúar frá Orkustofnun, Veðurstofu Íslands, Skipulagsstofnun, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Samgöngustofu, Landgræðslu ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvannsóknastöðinni við Mývatn, Matvælastofnun, Mannvirkjastofnun, Landmælingum Íslands, Skógrækt ríkisins, Vegagerðinni, Landbúnaðarháskóla Íslands, Íslenskum orkurannsóknnum, náttúrustofum og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga (sbr. 7. gr. í reglugerð um stjórn vatnamála).</p> <p>Í ráðgjafanefnd hagsmunaaðila eiga m.a. sæti fulltrúar frá Samtökum atvinnulífsins, Bændasamtökum Íslands, Samorku, Landssambandi smábátæigenda, samtökum veiðiréttarhafa, samtökum veiðifélaga, samtökum útivistarfélaga, hafnarsambanda, fuglaverndarfélagum, félagum um vernd hálandisins, náttúru- og umhverfisverndarsamtökum og skógræktar- og landgræðslufélögum (sbr. 7. gr. í reglugerð um stjórn vatnamála).</p>
------------------------	--

### 2.3 Stefnumið vatnaáætlunar

Í vatnaáætlun eru settar fram áherslur stjórnvalda um verndun vatns næstu sex árin. Ákvörðun um hverjar þær áherslur eru taka mið af þeim verkefnum sem mest liggur á að koma í gott horf.

Aðgerðaáætlun er unnin samhliða vatnaáætlun en í henni eru settar fram þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að viðhalda vatni í góðu ástandi. Aðgerðirnar eru af margvíslegum toga. Í mörgum tilvikum er um að ræða aðgerðir á vegum Umhverfisstofnunar til að hægt sé að byggja upp heildstætt ástandsflökkunarkerfi sem unnið er eftir og lög gera ráð fyrir. Hitt varðar beinar aðgerðir sem tengjast t.d. skólpi og fráveitumálum.

Undanfari þess að aðgerðir eru settar fram í aðgerðaáætlun er að leggja mat á álag á vatnshlot. Niðurstöður slíkrar álagsgreiningar voru birtar í stöðuskýrslu sem gefin var út árið 2013<sup>2</sup>. Í þessari fyrstu álagsgreiningu var sjónum fyrst og fremst beint að fjölbreyttu álagi á vatn frá fráveitu, fiskeldi, ýmis konar iðnaði og svo framvegis. Vatnshlotin voru síðan flokkuð í þrjá flokka eftir álagi *í óvissu, í hættu eða ekki í hættu*. Ef vatnshlot eru metin í hættu eða í óvissu ber að fara í aðgerðir til að koma þeim í gott ástand eða skera úr um óvissuna sem uppi er um ástand eða gæði vatns. Einnig er gerð krafa um að viðhalda góðu eða mjög góðu ástandi í þeim vatnshlotum sem það á við um.

Aðgerðaáætlunin á að innihalda allar þær aðgerðir sem eru nauðsynlegar til að ná þeim umhverfismarkmiðum sem sett eru fyrir vatnshlotin. Ákvarðanir um ráðstafanir sem taldar eru upp í aðgerðaáætlun taka þar til bær stjórnvöld eða leyfisveitendur á grundvelli viðkomandi löggjafar. Hér er þá átt við ríkisvaldið og sveitarfélög sem samþykkja að vinna að aðgerðum í aðgerðaáætlun og stofnanir og aðrir leyfisveitendur s.s. heilbrigðiseftirlit sem undir þeim starfa. Aðgerðaáætlunina skal endurskoða sjötta hvert ár, um leið og vatnaáætlun í heild sinni.

Í gegnum aðgerðaáætlunina eru settar fram aðgerðir og fjárhagslegar skuldbindingar á ríki og sveitarfélög. Þessir aðilar hafa í gegnum innleiðingarferlið tækifæri til að móta aðgerðirnar, svo lengi sem þær falla að markmiðum stjórnar vatnamála. Þær aðgerðir sem verða að lokum samþykktar af ráðherra eru bindandi fyrir viðkomandi stjórnvald.

Þær aðgerðir sem settar eru fram í aðgerðaáætlun eru flokkaðar saman eftir eiginleikum. Þessir flokkar eru hér kallaðir stefnumið áætlunarinnar og lýsa áherslum vatnaáætlunar og eru um leið þeir þættir sem

<sup>2</sup> Umhverfisstofnun 2013. [Stöðuskýrsla fyrir vatnasvæði Íslands](#).

verða metnir til umhverfisáhrifa. Í töflunni hér á eftir (tafla 1) er stefnumiðunum lýst betur ásamt mati á því hvort þau séu líkleg eða ólíkleg til að valda umhverfisáhrifum.

Tafla 2: Stefnumið aðgerðaáætlunar undir vatnaáætlun stjórnar vatnamála.

Stefnumið	Nánari lýsing á stefnumiðum	Líkleg/ólíkleg umhverfisáhrif
<b>Fráveita</b>	Aðgerðir í fráveitumálum verða umfangsmestu aðgerðirnar þennan vatnahring en sjö þéttbýli eru að losa skólp út í vatnshlot sem skilgreind hafa verið í óvissu. Aflétta þarf óvissunni með því að þéttbýli uppfylli kröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.  Unnin verður forgangsröðun fyrir önnur þéttbýli en þau sem losa í vatnshlot í óvissu, og uppfylla ekki kröfur reglugerðar.	Möguleg umhverfisáhrif vegna fráveituframkvæmda geta verið bæði neikvæð og jákvæð t.d. jarðrask, lyktarmengun, vatnsgæði viðtaka, lífríki, útivist og heilnæmara umhverfi.
<b>Vatnshlot í hættu vegna slæms efnafræðilegs ástands</b>	Hér er um að ræða aðgerðir sem beinast að tveimur vatnshlotum sem hafa verið metin í hættu á að ná ekki umhverfismarkmiðum sínum um gott efnafræðilegt ástand.  Slæmt efnafræðilegt ástand Tjarnarinnar hefur verið staðfest með vöktun. Kortleggja þarf uppruna efnanna, gera vöktunaráætlun og greina hugsanlegar mótvægisáðgerðir.  Grunnvatnshlotið Rosmhvalanes 2 hefur verið metið í hættu um að ná ekki umhverfismarkmiðum um gott efnafræðilegt ástand. Staðfesta þarf álagsgreininguna t.d. með vöktun.	Niðurstöður úr greiningarvinnu vegna ástands vatnshlotsins er ætlað að leiða í ljós hvort hægt er að grípa til mótvægisáðgerða til að bæta ástand Tjarnarinnar. Ef fara þarf í mótvægisáðgerðir í Tjörninni í Reykjavík, þá er hugsanlegt að slíkt valdi umhverfisáhrifum sem meta þarf í viðeigandi ferli. Um væri að ræða bæði jákvæð áhrif hvað varðar það að draga úr efnamengun og neikvæðum áhrifum t.d. ef fjarlægja þarf set.  Aðgerðir tengdar Rosmhvalanesi 2 beinast að því að samræma og/eða auka vöktun auk kortlagningar á hugsanlegum aðgerðum. Gera þarf vöktunaráætlun fyrir vatnshlotið í heild sinni.
<b>Innleiðing verkþátta stjórnar vatnamála</b>	Innleiðing verkþátta stjórnar vatnamála eru settir fram sem aðgerðir sem Umhverfisstofnun þarf að fara í til að styrkja áframhaldandi vinnu við innleiðingu vatnatilskipunar t.d. frekari uppbygging ástandsflökkunarkerfis, ýmiskonar gagnaöflun og greining á álagi.	Um er að ræða stjórnáhrif. Áhrif eru talin jákvæð.
<b>Vöktun vatnshlota</b>	Aðgerðir fyrir vöktun vatnshlota snúa að þeim kröfum laganna að fylgjast með vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi vatnshlota auk magnstöðu grunnvatns. Slíkt er gert með sýnatökum og mælingum á ýmsum gæðabáttum. Aðgerðirnar eru hluti af vöktunaráætlun stjórnar vatnamála. Sýnatökur og mælingar verða framkvæmdar af ýmsum fagaðilum.	Um er að ræða stjórnáhrif- og rannsóknarverkefni. Áhrif eru talin jákvæð.
<b>Fræðsla og leiðbeiningar</b>	Hér eru settar fram aðgerðir sem snúa að fræðslu til almennings um góða umgengni við vatnsauðlindina og útgáfu leiðbeininga til annarra stjórnvalda.	Um er að ræða stjórnáhrif. Áhrif eru talin jákvæð.
<b>Innleiðing reglugerða, starfsleyfi og eftirlit</b>	Hér verður lögð áhersla á að innleiða ákvæði reglugerða þar sem upp á vantar í innleiðingu þeirra. Markmiðið er að kröfur reglugerðanna sjálfra verði til þess að vatnsauðlindin verði að fullu vernduð án þess að koma þurfi til annarra aðgerða. Þá þarf í einhverjum tilfellum að samræma vöktun í vatnshlotum við starfsleyfi fyrirtækja og eftirlit í samræmi við það.	Um er að ræða stjórnáhrif. Áhrif eru talin jákvæð.

Í samræmi við kröfur og áherslur umhverfismats áætlanna er einungis eitt stefnumið sem meta þarf vegna mögulegra jákvæðra og neikvæðra umhverfisáhrifa eða *stefnumiðið fráveita*. Stefnumiðið er varðar efnafræðilegt ástand vatnshlota mun að svo stöddu fyrst og fremst felast í stjórnsýsluverkefnum og greiningum á ástandi. Komi til þess að grípa þurfi til aðgerða í þessum fyrsta vatnahring myndu slíkar framkvæmdir fara í viðeigandi stjórnsýsluferli. Hin fjögur stefnumiðin lúta fyrst og fremst að stjórnsýsluverkefnum sem vinna þarf við innleiðingu á stjórn vatnamála og ættu því að valda einungis jákvæðum umhverfisáhrifum.

### 3 Umhverfismat

Í markmiðum laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana kemur fram að *stuðla eigi að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Það skal gert með umhverfismati tiltekinn skipulags- og framkvæmdaáætlana stjórnvalda sem líklegt er að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfið*. Vatnaáætlun samrýmist vel markmiðum laga um umhverfismat áætlana. Vatnaáætlun er stefnumótandi áætlun og byggir á því að vernda vatn og vistkerfi þess fyrir núverandi og komandi kynslóðir.

Umhverfismat vatnaáætlunar er framkvæmt í samræmi við lög um umhverfismat áætlana og unnið samhliða við mótun vatnaáætlunar.

Áherslur vatnaáætlunar og þeirrar stefnumótunar sem þar kemur fram eru taldar hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag enda er markmið hennar fyrst og fremst að bæta ástand vatns og vistkerfa þess ásamt því að viðhalda góðu og mjög góðu ástandi vatnsauðlindarinnar til framtíðar. Vinna þarf að fjölmörgum aðgerðum sem bæði eru beinar aðgerðir til að bæta vatnsgæði en einnig til að bæta og styrkja stjórnsýslu vegna verndunar vatns.

Eins og fram hefur komið eru stefnumið vatnaáætlunar sex talsins en aðeins eitt þeirra: **fráveitan** er þess eðlis að framkvæmdir við bættu hreinsun skólps geti valdið umhverfisáhrifum. Í umhverfismatinu verður því lögð áhersla á að gera valkostagreiningu fyrir fráveitu og umfjöllun um möguleg umhverfisáhrif vegna slíkra framkvæmda.

#### 3.1 Tengsl vatnaáætlunar við aðrar áætlanir

Hluti af matsvinnu vegna vatnaáætlunarinnar er að skýra frá tengslum áætlunarinnar við aðrar áætlanir. Í lögum um stjórn vatnamála kemur fram að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Í töflunni hér á eftir (tafla 3) er yfirlit yfir þær áætlanir sem líta þarf til, en þessar áætlanir eiga að tryggja að umhverfismarkmiðum sé náð, að stefnumótunin í áætlununum verði ekki til þess að vatnshlot nái ekki umhverfismarkmiðunum stjórnar vatnamála og að sjálfbær nýting vatnsauðlindarinnar sé tryggð.









Tafla 3: Opinberar áætlanir sem tengjast vatnaáætlun.

Áætlanir	Atriði sem kunna að snerta vatnaáætlun
<b>Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna</b>	Framkvæmdaáætlun í þágu mannkynsins, jarðarinnar og hagsældar. Hluti markmiðanna leggur áherslu á verndun náttúru og umhverfis með t.d. því að draga úr mengun eða stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika. Auk sjálfbærrar nýtingar auðlinda. Markmið vatnaáætlunar falla vel að heimsmarkmiðunum til að mynda þegar kemur að því að auka vatnsgæði með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna.
<b>Landsskipulagsstefna</b>	Landsskipulagsstefna er áætlun um vernd og nýtingu landssvæða. Skipulag landssvæða þarf að vera í samræmi við stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Markmiðið með vatnaáætlun er að allt vatn á Íslandi sé í mjög góðu eða góðu ástandi og skal skipulag taka mið að því.
<b>Skipulagsáætlanir sveitarfélaga (svæðis-, aðal- og deiliskipulag)</b>	Skipulagsáætlanir sveitarfélaga skulu, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Leyfisveitingar á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skulu vera í samræmi við stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun um að allt vatn skuli vera í góðu eða mjög góðu ástandi.
<b>Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða - rammaáætlun</b>	Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða skal vera í samræmi við stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun en markmið áætlunarinnar er að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem byggist á langtímavernd vatnsauðlindarinnar.
<b>Lög nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða</b>	Skipulag um vernd og nýtingu landssvæða þar sem vatn kemur við sögu skulu vera í samræmi við stefnumörkun í vatnaáætlun. Allt vatn skal vera í mjög góðu eða góðu ástandi og skal skipulag taka mið að því.
<b>Samgönguáætlun 2020- 2034</b>	Samgönguáætlun 2020- 2034 hefur verið samþykkt og mun því ekki koma til endurskoðunar á þessu fyrsta tímabili vatnaáætlunar. Á grunni hennar er sett fram aðgerðaáætlun til fimm ára 2020-2024. Samgönguáætlun felur í sér framtíðarsýn og áform um nýframkvæmdir, viðhald á vegum, höfnum og flugvöllum um allt land. Markmið vatnaáætlunar er að allt vatn skuli vera í góðu eða mjög góðu ástandi.
<b>Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum 2018- 2030</b>	Aukin hreinsun á fráveituvatni gæti leitt af sér meiri losun gróðurhúsalofttegunda. Vatnaáætlun þarf að taka tillit til þess þ.e. að aðgerðir valdi ekki meiri losun gróðurhúsalofttegunda. Endurskoðun á aðgerðaáætlun í loftslagsmálum gæti þurft að taka tillit til aðgerða í fráveitu.
<b>Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018- 2029</b>	Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum er stefnumarkandi tólf ára áætlun og fjallar um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum, leiðum og svæðum. Endurskoðun á landsáætlun fer næst fram árið 2029. Tengsl við vatnaáætlun felast t.d. í bættri hreinsun á fráveituvatni, ágangi gesta í og við vatnsauðlindina. Mikilvægt er að stefnumörkun um uppbyggingu innviða sé í samræmi við stefnumörkun um vatnsvernd í vatnaáætlun.
<b>Stjórnunar- og verndaráætlanir friðlýstra svæða</b>	Umhverfisstofnun annast rekstur og umsjón friðlýstra svæða. Öll friðlýst svæði skulu hafa stjórnunar- og verndaráætlun, en í þeim áætlunum er m.a. fjallað um vöktun og verndaraðgerðir svæðanna. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála skal sérstaklega tilgreina þau svæði sem eru vernduð og viðkvæm vegna vatns og er því mikilvægt að tekið verði tillit til umhverfismarkmiða vatnaáætlunar í þessum áætlunum um að allt vatn sé í góðu eða mjög góðu ástandi. Hér er unnið sérstaklega með svæði þar sem verndargildið er tengt vatni.

## 3.2 Umhverfisviðmið

Umhverfismati verður beitt til að leggja mat á líkleg umhverfisáhrif mismunandi valkosta um stefnu áætlunarinnar. Verður það gert með því að bera valkostina saman við valin umhverfisviðmið sem ákveðið var að nota. Þá verður lagt mat á hvort valkostir stefnumiðanna styðji eða gangi gegn Heimsmarkmiðunum.

Tafla 4: Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem unnið er með í umhverfismati.

 <p>3 HEILSA OG VELLÍÐAN</p>	<b>Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Koma í veg fyrir dauðsföll og veikindi af völdum hættulegra efna og loft-, vatns- og jarðvegsmengunar.</li></ul>
 <p>6 HREINT VATN OG HREINLÆTISAÐSTÆÐA</p>	<b>Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess svo og hreinlætisaðstöðu</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Auka vatnsgæði með því að draga úr mengun.</li><li>• Betri nýting vatns og sjálfbær vatnsnotkun.</li><li>• Stjórnun vatnsauðlinda samþætt á öllum sviðum.</li><li>• Vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi.</li></ul>
 <p>11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG</p>	<b>Gera borgir og íbúðarsvæði örugg, sjálfbær og öllum aðgengileg</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Vernda og tryggja náttúruarfleifð.</li><li>• Dragga úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum.</li></ul>
 <p>12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA</p>	<b>Tryggja sjálfbær neyslu og framleiðslumynstur</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Sjálfbær og skilvirk nýting náttúruauðlinda.</li><li>• Umhverfisvæn meðferð efna og efnablanda.</li><li>• Dragga úr losun efna og efnablanda út í andrúmsloftið, vatn og jarðveg.</li></ul>
 <p>13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM</p>	<b>Bráðaáðgerðir gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Koma aðgerðum vegna loftslagsbreytinga inn í skipulag og áætlanagerð.</li></ul>
 <p>14 LÍF Í VATNI</p>	<b>Vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Dragga úr og koma í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar.</li><li>• Ganga vel um vistkerfi sjávar og stranda og þau vernduð á sjálfbæran hátt, endurheimta og hlúa að vistkerfunum.</li></ul>
 <p>15 LÍF Á LANDI</p>	<b>Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfi á landi</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Vistkerfi á landi og í ferskvatni verði vernduð og stuðlað að sjálfbærri nýtingu þeirra og endurheimt, einkum skóga, votlendis, fjalllendis og þurrkasvæða.</li><li>• Gripið verði til brýnna og nauðsynlegra aðgerða til að sporna við hnignun náttúrulegra búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni.</li></ul>

### 3.3 Umhverfisþættir, umhverfisvísar og gögn

Með skilgreiningu á umhverfisþáttum er mótaður rammi um umfang umfjöllunar í umhverfisskýrslu og hversu ítarleg hún verður unnin. Umhverfismat áætlana gerir ráð fyrir að skilgreindir séu helstu umhverfisþættir sem áætlunin er líkleg til að hafa áhrif á. Samkvæmt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar eru skilgreindir megin umhverfisþættir: andrúmsloft og veðurfar, vatn og sjór, land/sjávarbotn, heilsa og öryggi, hagrænir og félagslegir þættir, náttúru- og menningarminjar og landslag.

Í ljósi meginviðfangsefna vatnaáætlunar og markmiða hennar hefur verið ákveðið að fjalla um alla þessa umhverfisþætti en á suma þeirra eru þó áhrif vatnaáætlunar lítil eða óveruleg (sjá töflu 5). Til að skilgreina umfang umhverfisþátta og mat á vægi þeirra var stuðst við 10. gr. laga um umhverfismat áætlana.

Við mat á hverjum umhverfisþætti fyrir sig verður stuðst við fyrirliggjandi gögn úr ýmsum rannsóknum og greiningum sem notast hefur verið við til að greina ástand vatnshlota. Sem dæmi má nefna niðurstöður vöktunar sem fram hefur farið víða um land, niðurstöður úr sýnatökum vegna forgangsefna og vaktlistaefna en slík efni benda til álags á vatn. Einnig má nefna álagsgreiningu vatnshlota og niðurstöður stöðuskýrslna um fráveitu sem unnar eru á tveggja ára fresti.

Umvhverfisvísar eru mælanlegir þættir sem nýtast við greiningu á hversu mikil áhrif vatnaáætlun er líkleg til að hafa á viðkomandi umhverfisþátt. Umhverfisvísarnir eiga að nýtast við greiningu á ástandi og þróun og afmarka gagnasöfnun fyrir hvern umhverfisþátt. Umhverfisvísarnir geta einnig nýst við vöktun umhverfisáhrifa og samanburð upplýsinga í framtíðinni.

### 3.4 Valkostir og mat á vægi

Fyrir stefnumiðin sem skilgreind hafa verið sem líkleg til að hafa umhverfisáhrif verða mótaðir valkostir á grundvelli mögulegra sviðsmynda. Þessir valkostir verða umhverfismetnir og bornir saman við þau umhverfisviðmið sem valin verða úr Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Valkostirnir verða síðan metnir eftir því hversu vel þeir samræmast umhverfisviðmiðunum. Matsspurningarnar verða nýttar til að greina hvort tillögur að aðgerðum í vatnaáætlun styðji við eða vinni gegn umhverfisviðmiðunum. Umhverfismatið verður þannig nýtt til að velja á milli valkosta og stefnu til að tryggja að áætlunin hafi sem jákvæðust umhverfisáhrif.

Þá er gert ráð fyrir að notast verði við fjórar vægiseinkunnir við umhverfismatið:








- Jákvæð, ef tillaga að aðgerð í vatnaáætlun styður viðkomandi umhverfisviðmið.
- Óveruleg áhrif, ef tillaga að aðgerð í vatnaáætlun hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
- Neikvæð áhrif, ef tillaga að aðgerð í vatnaáætlun vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
- Óviss áhrif, ef óvíst er eða háð útfærslu hvort tillaga að aðgerð í vatnaáætlun styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði

Eins og fram hefur komið er aðeins eitt stefnumið vatnaáætlunar þess eðlis að geta valdið umhverfisáhrifum þ.e. framkvæmdir við fráveitur. Umhverfisviðmiðin sem valin voru tengjast öll markmiðum um verndun og nýtingu á vatni sem fellur vel að markmiðum vatnaáætlunar. Fráveita og hreinsun fráveituvatns tengist öllum umhverfisviðmiðunum með einum eða öðrum hætti en þau eiga flest það sameiginlegt að draga úr losun mengandi efna í vatn sem gerist þegar fráveituvatn er losað

óhreinsað. Heimsmarkmið 13 er þó annars eðlis en þar er lögð áhersla á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Það tengist þeim þætti í fráveitu að við aukna hreinsun þá eykst magn seyru sem þarf að nýta eða farga með einhverjum hætti. Nú er unnið að greiningu á þeim þætti til að skera úr um hver áhrif þessa þáttar verða.

Í tilfelli fráveituframkvæmda er eingöngu um tvo valkosti að ræða. Fyrri kosturinn snýr að því að fara ekki í framkvæmdir á fráveitum (*núll-kostur*) og halda óbreyttu ástandi við hreinsun skólps á landsvísu. Síðari kosturinn snýr að því að koma fráveitumálum í ásætlanlegt horf með því að uppfylla kröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Sá kostur að fara ekki í framkvæmdir felur því í sér að ekki verði framfylgt lögbundnum kröfum til fráveitna.

Tafla 5: Umhverfisiðmið, umhverfisþættir og umhverfisvísar.


Umhverfisiðmið	Lofslag	Vatn og sjór	Vistkerfi	Heilsa og öryggi	Hagræðir og félagslegir þættir	Umhverfisvísar
<b>3</b> HEILSA OG VELLÍÐAN 						Mengunarefni
<b>6</b> HREINT VATN OG HREINLEIÐSABSTADA 						Hreinsun fráveituvatns Eðlisefnafræðilegir gæðapættir Líffræðilegir gæðapættir Örveruástand
<b>11</b> SJÁLFRÆRAR BORGIR OG SAMFELD OG 						Mengunarefni Vaktlisti (lyfjaleifar og varnarefni)
<b>12</b> AÐBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA 						Mengunarefni Vaktlisti (lyfjaleifar og varnarefni) Magnstaða grunnvatns
<b>13</b> AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM 						Fráveituvatn/seyra
<b>14</b> LÍFI VATNI 						Eðlisefnafræðilegir gæðapættir Líffræðilegir gæðapættir Mengunarefni Vaktlisti (lyfjaleifar og varnarefni)
<b>15</b> LÍF Á LANDI 						Eðlisefnafræðilegir gæðapættir Líffræðilegir gæðapættir

### 3.5 Matsferlið og verklag

Umhverfisstofnun hefur umsjón með umhverfismati vatnaáætlunar en yfirumsjón er í höndum vatnaráðs. Verkefnishópur Umhverfisstofnunar um gerð vatnaáætlunar mun vinna umhverfismatið, fara yfir matsspurningar og viðmið til að meta vægi áhrifa. Eftir þörfum verður leitað til sérfræðinga innan og utan Umhverfisstofnunar sem og nefnda undir stjórn vatnamála.

## 4 Samráðsferli og tímaáætlun

Stjórnsýsla og fyrirkomulag innleiðingar laga um stjórn vatnamála kallar á mikla samvinnu allra sem koma að einhverju leyti að vatnamálum á Íslandi. Mikið samráð er innbyggt í lögin frá fyrstu skrefum innleiðingar. Hafrannsóknastofnun, Veðurstofa Íslands og Náttúrufræðistofnun hafa lögbundið hlutverk við innleiðingu laganna ásamt heilbrigðiseftirlitum landsins. Aðrar stofnanir t.d. Orkustofnun sem og ýmsar rannsóknastofnanir ásamt náttúrustofum koma einnig að innleiðingunni. Samkvæmt lögunum er haft virkt samráð við vatnaráð, vatnasvæðanefndirnar fjórar, ráðgjafanefnd hagsmunaaðila, ráðgjafanefnd fagstofnana og eftirlitsaðila að vinnu við vatnaáætlun, aðgerðaráætlun og vöktunaráætlun. Ofangreindar stofnanir, eftirlitsaðilar og nefndir gegna jafnframt mikilvægu hlutverki í þeirri víðtæku gagnasöfnun sem fer fram vegna laga um stjórn vatnamála, en til að geta metið ástand vatnshlota þarf að safna miklum upplýsingum um þá gæðabætti sem notaðir eru til að meta ástand vatns ásamt álagi sem á það er. Sama mun gilda fyrir þá vinnu sem þarf að fara fram við gerð umhverfismats.



Mynd 2: Þeir aðilar sem hafa formlegt hlutverk við mótn og afgreiðslu vatnaáætlunar.

Samhliða vinnu við vatnaáætlun verða settir á fót vinnuhópar um einstaka aðgerðir í aðgerðaáætlun og má þar nefna vinnuhópa til að skilgreina betur fyrirhugaðar fráveituframkvæmdir og vinnuhóp virkjunaraðila vegna fyrirhugaðra rannsókna og áhrifa á virkjanir vegna loftslagsbreytinga.

Vatnaáætlun ásamt aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun verða í kynningarferli í 12 mánuði skv. lögum um stjórn vatnamála eða frá og með desember 2020. Frestur til athugasemda verða sex mánuðir af þeim tíma. Settur hefur verið upp vefurinn [www.vatn.is](http://www.vatn.is) þar sem hægt er að lesa sér til um verkefnið og nálgast skýrslur og annað er viðkemur vatnaáætlun.

Drög að vatnaáætlun ásamt umhverfisskýrslu verða send sveitarfélögum og hagsmunaðilum til umsagnar. Almennir getur nálgast skýrsluna á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun mun taka saman umsagnir og athugasemdir sem berast og bregðast við þeim. Á kynningartíma verður haldinn opinn kynningarfundur. Drög að umhverfisskýrslu verða uppfærð með hliðsjón af umsögnum og athugasemdum sem um hana berast.

Helstu tímasetningar matsvinnu eru eftirfarandi:

Tafla 6: Áætlaður tímaás.

Nóvember 2020	Matslýsing kynnt fyrir samráðsnefndum og á vefsíðu Umhverfisstofnunar.
Desember 2020	Umhverfisskýrsla vatnaáætlunar kynnt og auglýst.
Desember 2020	Vatnaáætlun kynnt og auglýst, athugasemdatími 6 mánuðir.
Ágúst 2021	Úrvinnsla athugasemda og endurskoðun áætlunar og umhverfisskýrslu.
Október 2021	Afgreiðsla vatnaráðs á vatnaáætlun og umhverfisskýrslu.
Desember 2021	Vatnaáætlun 2022-2027 ásamt umhverfismati lagðar fram til samþykktar hjá umhverfis- og auðlindaráðherra.